

Hero production ehf.
Súðarvogur 7
104 Reykjavík

Reykjavík, 23. september 2019
UST201909-245/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til ljósmyndatöku - Skógafoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hero production ehf., dagsett 20. september 2019, vegna ljósmyndatöku við Skógafoss.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Taka á ljósmyndir fyrir framan Skógafoss þann 26. eða 27. september 2019, fer eftir veðri. Sex manns á tveimur bílum koma að verkefninu og stefnt er á að vera á svæðinu í um átta klukkutíma. Takmarka þarf umferð gesta á svæðinu á meðan tökum standa og verður gangandi umferð stoppuð af í nokkrar mínútur í einu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki hafa neikvæð áhrif á náttúrufar eða verndargildi svæðisins. Gestir á svæðinu verða fyrir nokkrum áhrifum þar sem umsækjandi óskar eftir því að hefta för almennings um svæðið í stuttan tíma og í nokkur skipti meðan á tökum stendur.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hero production ehf., fyrir sitt leyti leyfi fyrir ljósmyndatöku við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan 26. – 27. september 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Starfsmenn verkefnis skulu sýna öðrum gestum svæðisins tillitsemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfi landeiganda gæti þurft fyrir verkefninu.


Leyfisgjald:


Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt


Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur


Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur